

**Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Óperudagar kt. 600516-0860**

**gera með sér svofelldan**

**SAMSTARFSSAMNING**

**um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Óperudaga**

**á tímabilinu 1. janúar 2020 – 31. desember 2022.**

**1. gr. Markmið**

Meginmarkmið Reykjavíkurborgar með samningi þessum er að styrkja þróun hátíðarinnar Óperudaga með fjárhagslegum stuðningi, til að renna stoðum undir mikilvægt hlutverk hátíðarinnar, sem er sú fyrsta sinnar tegundar í Reykjavík.

**2. gr. Markmið Óperudaga**

Markmið Óperudaga í Reykjavík er að breyta bænum í óperusvið þar sem tónlistarleikhúsið fær að flæða inn í króka og kima höfuðborgarinnar og vonandi ná til sem flestra íbúa. Óperudagar flytja ekki eingöngu óperutónlist heldur allar þær tegundir tónlistar sem klassískt menntaðir söngvarar sérhæfa sig í. Byggt verður á reynslu fyrri hátíða en hátíðin var valin Tónlistarhátíð ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum árið 2018 og tilnefnd sem Sproti ársins á Grímuverðlaununum 2019. Möguleikar leynast í hverju horni þar sem áhersla er lögð að samruna listgreina, atvinnutónlistarmenn og nemendur troða upp á venjulegum og óvenjulegum stöðum og hitta borgarbúa bæði á fönnum vegi og í menningarhúsum borgarinnar. Auk þess að glæða borgina lífi, hafa skipuleggjendur mikinn áhuga á að virkja þann gífurlega mannauð sem býr í íslenskum klassískum söngvurum og samstarfsfólki þeirra. Lögð er áhersla á viðburði fyrir alla aldurshópa - frá ungabörnum að eldri borgurum og allt þar á milli.

**3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar**

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Óperudögum til í beinum fjárframlögum kr. 1.000.000.- á ári 2020, 2021 og 2022. Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

kr. 500.000 þann 1.-3. mars

kr. 500.000 þann 1.-3. júní

Framlagið greiðist inn á bankareikning 133-26-011890

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2021 og 2022 eru með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun 2021 og 2022. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

**4. gr. Framlag Óperudaga**

Verkefnið felst í því að skipuleggja, stefnumóta og halda Óperudaga á haustdögum árin 2020, 2021 og 2022. Haldið verður áfram að virkja íslenskt fagfólk, um leið og leitað verður innblásturs frá erlendum kollegum og hvatt verður til alþjóðlegs samstarfs. Hátíðin verður í samstarfi við menntastofnanir og hvatt verður til samstarfs atvinnumanna, nemenda og áhugamanna.

**5. gr. Kynningarmál**

Óperudagar bera ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar. Á öllu kynningarefni Óperudaga jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að hátíðin sé styrkt af Reykjavíkurborg með því að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt. Þá skal

Þess gætt að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar Óperudagar eru kynntir í fjölmiðlum – þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa má samstarf við Höfuðborgarstofu til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til erlendra ferðamanna. Höfuðborgarstofa fær myndir af viðburðum ef óskað er eftir og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík.

## **6. gr. Ábyrgð**

Óperudagar bera ábyrgð á starfsemi hátíðarinnar, fagmennsku hennar og gæðum. Óperudagar bera ábyrgð á skuldbindingum sem hátíðin eða aðilar á vegum hátíðarinnar stofna til í tengslum við þennan samning. Óperudögum er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

## **7. gr. Samskipti og eftirlit**

Skrifstofa menningarmála á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Óperudaga. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í apríl ár hvert 2021, 2022 og 2023, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Óperudagar leggja þá fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning og skýrslu vegna fyrra árs ásamt áformum um hvernig starfsemi þessa og næsta árs muni uppfylla markmið samningsins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

## **8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings**

Telji Óperudagar hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Óperudagar hafa sýnt fram á að hátíðin muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

## **9. gr. Gildistími**

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar,- íþrótt og tómstundaráðs dags. 13.1.2020. Samningurinn gildir til 31. desember 2022.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

## **10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála**

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík 24.2.2020

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar

Fyrir hönd Óperudaga

